

Fundargerð

Mánudaginn 19. október 2020 kl. 13:00 kom reikningsskila- og upplýsinganefnd (RogU) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu, Sigrún Guðmundsdóttir, Ágúst Kristinsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Gísli Hlíðberg Guðmundsson og starfsmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis Eiríkur Benónýsson sem ritar fundargerð. Guðjón Guðmundsson boðaði forföll.

Fundargögn sem lögð eru fyrir fund eru vistuð rafrænt í skjalakerfi SRN.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 9. september 2020 samþykkt.

2. Byggðasamlög – tillögur um breytingar á reglugerð

Lagðar fyrir tillögur að breytingum sem í kjölfar athugasemda sem bárust eftir kynningu í samráðsgátt. EB falið að senda tillögurnar til aðila sem gerðu athugasemdir til frekara samráðs.

3. Reikningsskil vegna málaflokks um þjónustu við fatlað fólk

Í framhaldi af samkomulagi ríkis og sveitarfélaga hefur ráðuneytið ákveðið að ekki verði að sinni stofnað til starfshóps um reikningsskil málaflokksins. Samkomulagið felur í sér að gerð verði heildar úttekt á málaflokknum og er vilji ráðuneytisins að sú úttekt fari fyrst fram. Niðurstaða að nefndin aðhafist ekki frekar í málinu fyrr en ráðuneytið óskar þess.

4. Félög tengd almannahagsmunum PIE

Umræðu frestað til næsta fundar.

5. Reikningsskil samstæðu – Álit 1/2020

Nefndin hefur lokið umfjöllun um reikningsskil samstæðu Reykjavíkurborgar með álit 1/2020. Vegna vinnu við gerð álitsins er rétt að ítreka að tveir nefndarmenn tóku ekki þátt í þeirri vinnu þar sem þau lýstu sig vanhæf til þátttöku. Formlega var bókað um þetta atriði í fundargerð nefndarinnar þann 6. maí 2020. Við gerð álitsins voru því tveir varamenn kallaðir til.

6. Reikningsskil sveitarfélaga

Er eitthvað í reikningsskilunum sem þarf að skilgreina sem sértækt í sveitarstjórnarlögum. Framhaldsumræða á næsta fundi.

Fundi lauk kl. 14:40